



***Reglugerð
iðnaðarmannadeildar
AFLs - Starfsgreinafélags***

Efnisyfirlit:

<i>Reglugerð iðnaðarmannadeildar AFLs - Starfsgreinafélags</i>	1
1. gr. Nafn sjóðsins	3
2. gr. Deildaraðild	3
3. gr. Aðildarfélag	3
4. gr. Verkefni deildarinnar.....	3
5. gr. Stjórn.....	3
6. gr. Aðalfundir	3
7. gr. Rekstur.....	3
8. gr. Fundargerð.....	4
9. gr. Breytingar á reglum	4

1. gr. Nafn sjóðsins

Heiti deildarinnar er Iðnaðarmannadeild AFLs - Starfsgreinafélags, skammstafað IMA.

2. gr. Deildaraðild

Aðild að deildinni geta átt launamenn sem eru iðnsveinar, iðnnemar er starfa á félagssvæðinu. Ennfremur aðrir þeir sem vinna við hefðbundin iðnaðarmannastörf á félagssvæði AFLs - Starfsgreinafélags og óska þess að eiga aðild að deildinni. Þeir iðnaðarmenn sem starfa sem einyrkjar á vinnumarkaði geta átt aðild að deildinni en þeir njóta hvorki atkvæðisréttar eða kjörgengis. Einyrki telst sá sem starfar einn og hefur ekki aðra menn í vinnu. Ef félagsmenn eiga 5% eða meiri hlut í iðnfyrirtæki þar sem þeir vinna jafnframt sem launamenn fer um réttindi þeirra með sama hætti og um réttindi einyrkja. Ef félagsmenn eiga hlut í eða reka iðnfyrirtæki skulu þeir sitja hjá í atkvæðagreiðslu um mál sem varðað gætu hagsmuni þess fyrirtækis.

3. gr. Aðildarfélag

Deildin er aðili að Samiðn, sambandi iðnfélaga og skal hún beita sér fyrir því að ná sem bestu sambandi við aðrar deildir og félög iðnsveina í viðkomandi iðngreinum.

4. gr. Verkefni deildarinnar

Verkefni deildarinnar skulu vera:

- a) Að annast undirbúning og gerð kjarasamninga fyrir meðlimi deildarinnar.
- b) Að vinna að því að aðbúnaður og vinnuumhverfi í atvinnugreininni sé alltaf í samræmi við gildandi lög og samninga.
- c) Að vinna að eflingu starfsþjálfunar og menntunar í atvinnugreininni.
- d) Að kjósa fulltrúa á þing Samiðnar.
- e) Að annast önnur mál sem snerta féлага deildarinnar sérstaklega.

5. gr. Stjórn

Stjórn deildarinnar skal skipuð 5 mönnum, formanni, varaformanni, ritara og tveimur meðstjórnendum og skulu þeir kjörnir sérstaklega. Jafnframt skal kjósa þrjá varamenn. Kosning skal vera leynileg. Formaður deildarinnar á sæti í aðalstjórn félagsins.

6. gr. Aðalfundir

Aðalfund deildarinnar skal halda ár hvert á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl. Á aðalfundi skal flytja skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár og stjórn skal kosin til tveggja ára. Stjórn skal kjörin þannig að annað árið skal kjósa formann, ritara, meðstjórnanda og einn varamann, en hitt árið varaformann, meðstjórnanda og tvo varamenn. Halda skal minnst tvo stjórnarfundir á ári. Stjórnarfundur skal halda ef tveir stjórnarmenn óska eftir því. Almennan deildarfundur skal halda þegar stjórn telur ástæðu til eða a.m.k. 10 félagar í deildinni óska þess skriflega og geta um ástæðu. Aðalfundur skal boðaður með auglýsingu með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega hefur verið til hans boðað. Aðra fundir deildarinnar skal boðaður með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara ef kostur er.

7. gr. Rekstur

Deildin hefur ekki sjálfstæðan fjárhagslegan rekstur. Ákvarðanir deildarinnar sem hafa fjárútlát í för með sér, fyrir utan almennan rekstur, þurfa samþykki aðalstjórnar félagsins. Að öðru leiti hefur deildin fullt sjálfstæði um mál sín, svo framarlega sem samþykktir hennar ganga ekki gegn lögum og starfreglum félagsins.

8. gr. Fundargerð

Halda skal fundargjörðarbók, þar sem í eru skráðar allar fundargerðir og samþykktir deildarinnar. Ritari skal rita fundargerðir. Þó er heimilt að annar félagsmaður riti með samþykki fundarmanna. Formaður og fundarritari undirrita fundargerðir. Formaður stjórnar deildarfundum og aðalfundum nema að hann óski eftir því að fundurinn samþykki annan fundarstjóra.

9. gr. Breytingar á reglum

Breytingar á reglum þessum má einungis gera á aðalfundi deildarinnar í samræmi við lög félagsins, enda sé þess getið í fundarboði, og þurfa þær staðfestingar stjórnar AFLs - Starfsgreinafélags og Samiðnar, Sambands lönfélaga.

Ákvæði til bráðabirgða: Á stofnfundi deildarinnar skal kjósa formann, ritara, meðstjórnanda og einn varamann til tveggja ára og varaformann, meðstjórnanda og tvo varamenn til eins árs.

Þannig samþykkt á stofnfundi 28. apríl 2007.